

Greinargerð

Ingunnarskóli, 27.06.2025



Ingunnarskóli

Virðing - Ábyrgð - Vinsemd

Innra mat skólans

Inngangur

Í þessari greinargerð er gerð grein fyrir innra mati Ingunnarskóla 2024-2025. Sett er fram matsáætlun sem sýnir viðfangsefni matsins, hvenær þau eru metin ásamt nánari lýsingu á því hvernig matið fer fram. Helstu niðurstöður eru settar fram þar sem lögð er áhersla á að fjalla um þætti sem best komu út og þá þætti sem þarfnast umbóta. Unnið er með umbótaþætti áfram í umbótaáætlun.

Um innra mat skólans

Markmið með innra mati skólans er að bæta árangur og gæði skólastarfsins en unnið er út frá útgefnum [gæðaviðmiðum um skólastarf](#), [menntastefnu Reykjavíkurborgar](#) og áherslum skólans.

Allt starfsfólk tekur þátt í innra mati skólans en fagmennsku/þróunarteymi skólans leiðir matið, heldur utan um skipulagningu og framkvæmd þess, rýnir í niðurstöður og setur fram umbótaáætlun. Í fagmennsku/þróunarteyminu eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar, verkefnastjórar og kennari á miðstigi og teymið fundar að meðaltali tvisvar sinnum í mánuði.

Ingunnarskóli notar vefkerfið [BRAVOLesson](#) til að halda utan um innra matið.

Innra mat – Matsáætlun

Matsáætlun um innra mat

Unnin er matsáætlun fyrir innra mat skólans ár hvert þar sem sést hvenær helstu þættir eru metnir og hvernig (sjá áætlun hér fyrir neðan) en nákvæm verkáætlun fyrir skólaárið er unnin í BRAVOLesson.

Gæðaviðmið grunnskóla

Þættir í gæðaviðmiðum grunnskóla eru metnir á matsfundum með fagmennsku/þróunarteymi sem fara þannig fram að þátttakendur ígrunda út frá viðeigandi gögnum og koma sér saman um niðurstöðu. Matsfundir með kennurum og/eða öllu starfsfólki fer fram tvisvar til fjórum sinnum á ári.

Vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika skólans en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun skólans. Ákveðnir kaflar í gæðaviðmiðunum eru einungis metnir af fagmennsku/þróunarteymi skólans.

Menntastefna Reykjavíkurborgar

Áherslur menntastefnu Reykjavíkur eru félagsfærni, sjálfsefning, læsi, sköpun og heilbrigði. Staða skólans út frá áhersluþáttunum er metin með gátlistum menntastefnu á matsfundum með starfsfólki og/eða fagmennsku/þróunarteymi skólans. Það auðveldar skólanum að halda markvisst utan um innleiðinguna og meta framþróun menntastefnunnar.

Áhersluþættir skólans skólaárið 2024 - 2025 voru; 2.2 Gæði kennslu og 1.4 Umbætur og innleiðing breytinga.

Námsárangur nemenda

Niðurstöður námsmats eru nýttar til að bæta nám og kennslu einstaklinga og hópa/bekkja jafnóðum en í innra mati er námsárangur greindur út frá skólanum í heild. Námsmat sem skólinn nýtir í innra mati er lesfímipróf, sem eru greind og metin út frá útgefnum viðmiðum prófanna og matsferil (þegar hann verður tilbúin). Skólinn leggur áherslu á leiðsagnanám og leiðsagnamat og er einnig metið hvernig gengur að viðhafa þessar áherslur í daglegu starfi.

Viðhorf og líðan

Kennarar leggja af og til fyrir tengslakannanir til að kanna félagslega stöðu og líðan nemenda í sínum hópi. Ef niðurstöður benda til þess að nemandi/um líði ekki vel í hópnum er unnið með að styrkja tengsl í hópnum og vinna með samskiptafærni.

Íslenska æskulýðsrannsóknin er lögð árlega fyrir nemendur í 4. til 10. bekk. Farið er yfir niðurstöður og þær rýndar í litlum hópum starfsmanna. Niðurstöður eru notaðar til að meta hvernig skipu- eða vinnulag hentar í nemendahópum og mögulega þarf að leggja áherslu á einhverja þætti í umhverfi hvers hóps fyrir sig.

Könnunin "ungt fólk" var lögð fyrir að um mánaðarmótin nóvember - desember 2024. Könnunin er lögð fyrir af fyrirtækinu Rannsókn & greining.

Starfsfólk skólans

Skólastjórnendur leggja viðhorfskönnun fyrir starfsfólk árlega. Unnið er með niðurstöður í tengslum við starfsmannasamtöl að vori. Einnig taka starfsmenn þátt í viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar og niðurstöður hennar eru kynntar fyrir starfsfólki og rýndar til gagns.

Matsáætlun skólans

Stjórnun og fagleg forysta	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
1.1 Samvikni í stefnumótun				X	
1.2 Faglegt samstarf og samræða					
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu		X			
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga	X				
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir			X		
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting			X		
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks				X	

Nám og kennsla	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
2.1 Inntak og námskrá					
2.2 Árangur náms					
2.3 Gæði kennslu	X	X			
2.4 Skipulag náms		X			
2.5 Námsvitund			X		
2.6 Ábyrgð og þátttaka					

Innra mat	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
3.1 Skipulag		X			
3.2 Framkvæmd			X		
3.3 Umbætur				X	

Námsárangur nemenda	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Lesfimiþróf 1- 10.b	X	X	X	X	X
Matsferill					
Lesskimun 1. bekkur	X	X	X	X	X
Orðarún 3. - 8. bekkur	X	X	X	X	X
Lesmál 2.bekkur	X	X	X	X	X

Viðhorf og líðan	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029
Íslenska æskulýðsrannsóknin	X	X	X	X	X
Starfsmannakönnun	X	X	X	X	X
Viðhorskönnun foreldra	X		X		X
Könnun á vegum Rannsókn & greining	X	X	X	X	X

Menntastefna og stefna skólans	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028	2028-2029

Gæðaviðmið um skólastarf

Stuttur texti um þá kafla sem voru metnir

Eftirfarandi kaflar í gæðaviðmiðum grunnskóla voru metnir í Ingunnarskóla 2024-2025

- 1.4 Umbætur og innleiðing breytinga
- 2.3 Gæði kennslu

Niðurstöður

Styrkleikar

1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

- Verklag í kringum niðurstöður mats og mælingar er gott og upplýsingum um það er miðlað með markvissum hætti til hagsmunaaðila.
- Stjórnendur eru virkir í innleiðingu og þróun umbótaverkefna.
- Skólinn nýtir ráðgjöf frá háskólum í markvissri skólaþróun og uppslýsingar um slík verkefni eru skráð og aðgengileg

2.3 Gæði kennslu

- Fjölbreytligir kennsluhættir eru sýnilegir í vettvangsathugunum sem og stefna skólans.
- Skipulag kennslu og verkefna er gott og námstími almennt vel nýttur
- Markmið kennslu og verkefna er skráð í kennsluáætlunum
- Nemendum er gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna
- Námsmat er fjölbreytt og tekur mið af kennsluháttum, og er tengt markmiðum náms og hæfniviðmiðum
- Sjónrænar stöðir eru vel nýttar

Tækifæri til umbóta

- Ábótavant er að gögn um árangur og líðan nemenda séu markvisst nýtt í skipulagi kennslu til að efla nemendur.
- Betur þarf að huga að bráðgerum nemendum
- Mun betur þarf að gera í ísat kennslu og umgjörð um nemendur með erlendan bakgrunn

Námsárangur nemenda

Hvaða matstæki voru nýtt til að meta árangur nemenda

Þær kannanir sem leggja mat á árangur nemenda eru ekki margar eftir að samræmd próf voru lögð af og snúa flestar að lestri og lestrarnámi.

- Orðarún lesskilningspróf er lagt fyrir alla nemendur í 4. - 8. bekk.
- Lesfimi próf sem mæla leshraða og umskráningu eru lögð fyrir alla nemendur skólans, þrisvar sinnum yfir skólaárið. Hliðarpróf sem skima fyrir sértækum lestrarvanda eru lögð fyrir þá nemendur sem mælast undir lægast viðmiði hvers árgangs.
- Lesskimun er lögð fyrir nemendur í 1. bekk í október ár hvert, niðurstöður hennar eru bæði nýttar af umsjónarkennurum til að meta framfarir og talmeinafræðingi til að bregðast við frávikum.
- Lesmál er lagt fyrir nemendur í 2. bekk ár hvert til að meta framfarir í lestri. Umsjónarkennarar nýta þær niðurstöður til að áætla námsefni og áherslur í námi nemenda út skólaárið.
- Talnalykill er lagður fyrir nemendur í þriðja bekk á vorönn

Niðurstöður þessara skimana eru nýttar til að bregðast við hvort sem nemandi þarf tímabundna auka aðstoð eða til að greina vanda frekar og koma í ferli.

Niðurstöður

Styrkleikar

- Niðurstöður lesfimi í maí 2025 sýna að 4 árgangar eru yfir landmeðaltali í lesnum orðafjölda á mínútu, 2. , 5. , 7. og 10. árgangar eru allir yfir landsmeðaltali. 3. , 8. og 9. bekkur eru svo til jafnir landsmeðaltali, 8. og 9. bekkur eru einu orði undir meðaltali. Árangur í lestri er því nokkuð ásættanlegur og framfarir nemenda með eðlilegum hætti.

Tækifæri til umbóta

- Niðurstöður Orðarúnar lesskilningsprófs eru ekki ekki nægilega góðar,

Viðhorf og líðan nemenda

Stuttur texti um viðhorfskannanir nemenda og hvaða þættir voru metnir

- Árlega er lögð fyrir nemendur Íslenska æskulýðsrannsóknin í 4. - 10. bekk.
- Umsjónarkennarar gera tengslakannanir ef ástæða þykir til að kanna líðan og félagslega stöðu nemenda.
- Nemendaviðtöl á hausti snúa að líðan nemenda og eru nemendastýrð. Nemendur stýra viðtalinu með þeim hætti að þeir segja frá ákveðnum atriðum sem snerta, áhuga, líðan og hvað þeir eru að fást við í skólanum.
- Í hverjum árgangi eiga að vera reglulegir bekkjarfundir þar sem rædd eru ágreiningsmál eða hugðarefni nemenda. Bekkjarfundir eru skipulagðir og fara eftir föstum fundarsköpum. Markmið með bekkjarfundum er að skapa andrúmsloft sem styður við heilbrigð og lýðræðisleg skoðanaskipti. Ásamt því að gefa nemendum færi á að tjá sig um allskonar málefni í trausti þess að þau sé heyrð og þau rædd eftir skipulögðu ferli. Slíkt verklag eykur vellíðan nemenda.
- Nemendur sem sitja í skólaráði fara einu sinni á vetri og hitta alla árganga og ræða skólastarfið og fá ábendingar um bæði styrk- og veikleika. Þessum niðurstöðum er komið á framfæri í skólaráðinu og á kennarafundi þar sem hugmyndir um viðbrögð við þeim ræddar.

Niðurstöður

Styrkleikar

- Nemendastýrð viðtöl hafa heppnast og gengið mjög vel. Foreldrar fá tækifæri til að kynnast skólastarfinu og barninu sínu út frá öðru sjónarhorni en þegar kennari stýrir viðtalinu og nemendur koma sínum skoðunum á framfæri.

Kennarar á yngri stigum hafa verið mjög hugvitsamir að finna leiðir til að virkja nemendur í þessu viðtali og undirbúa þá.

- Nemendur í skólaráði hafa lagt sig vel fram við að fá góðar og gagnlegar ábendingar frá nemendum sem hafa nýst til að gera skólastarfið betra og nemendavænna.
- Íslenska æskulýðsrannsóknin sýnir nemendum á mið- og unglingastigi líður almennt vel í skólanum bæði í kennslustundum og í frímínútum. Einnig kemur í ljós að sömu nemendum finnst þeir tilheyra í skólanum sem bendir til þess að skólasamfélagið sé þeim hliðhollt og styðji við þá.

Tækifæri til umbóta

- Því miður virðast nemendur bæði á miðstigi- og í unglingadeild upplifa að það sé ekki nægilegt næði til náms í kennslustundum, 51% nemenda í 4. og 5. bekk upplifa oft truflandi hávaða í kennslustund. Í 6. - 10. bekk eru aðeins 14% nemenda sem upplifa vinnufrið í kennslustundum. Hvað varðar þennan þátt er því tækifæri til umbóta hjá öllum aldurshópum. Stjórnendur ætla að tengja þessa þætti við upprifjun á vinnuaðferðum Uppbyggingar sjálfsaga á kennarafundi og leggja áherslu á að fylgja þeirri umræðu eftir á stigsfundum að lágmarki 4 sinnum yfir skólaárið.
- 41% nemenda í 6. - 10. bekk upplifa mikið álag vegna heimanáms. Vert er að taka þessa niðurstöðu til umræðu með kennurum þessara hópa en ekki tilefni til að stofna sérstakan umbótaþátt varðandi þetta þar sem upplifunin er mögulega bundin við einn árgang frekar en annan.
- Nemendur Ingunnarskóla virðast lesa minna en aðrir nemendur bæði borið saman við heildarsvörun í Reykjavík sem og á landinu öllu. Niðurstöður eru þó mismunandi eftir því hvort verið er að spyrja um lestur skáldsagna, fréttamiðla eða annað lesefni af einhverju tagi. Lestur í frítíma er all nokkuð minni hjá nemendum Ingunnarskóla, einkum strákum, en öðrum nemendum í Reykjavík og á landsvísu. Aðeins 44% stráka í 4. og 5. bekk segja að þeim finnist gaman að velja sér eitthvað að lesa utan skóla, til samanburðar eru rúm 70 % sem telja það skemmtilegt í samanburðarhópum. Vel mætti líta á niðurstöður sem áskorun til að vinna með viðhorf til lesturs almennt.
- Einnig kom fram að það er hlutfall nemenda, þó lítið sé, sem finnur til einmanaleika í skólanum. 14% nemenda í 6. og 7. bekk finna til einmannaleika sem er aðeins meira en hjá samanburðarhópum. Slíkt er ævinlega tækifæri til umbóta og kennurum verður gert viðvart um þessar niðurstöður.

Viðhorf og líðan starfsfólks

Stuttur texti um starfsmannakönnunina og hvaða þættir voru metnir

- Reykjavíkurborg leggur árlega fyrir viðhorfsskönnun meðal starfsmanna skólanna, niðurstöður hennar eru síðan rýndar af stjórnendum og kynntar fyrir starfsmannahópnum. Þar er hægt að sjá bæði samanburð við aðra grunnskóla borgarinnar sem og breytingar milli ára í svörum starfsmanna skólans.
- Stjórnendur senda út könnun í aðdraganda starfsmannaviðtala þar sem m.a. er spurt um þætti eins og samstarf, álag og líðan auk óska varðandi komandi skólaár.
- Starspróunarsamtöl byggja meðal annars á þessum könnunum auk þess sem stjórnendur vilja koma á framfæri.

Niðurstöður

Styrkleikar

Niðurstöður könnunar meðal starfsmanna sem send er út í aðdraganda starfspróunarviðtala sýna að:

- Starfsmenn eru almennt ánægðir í starfi og 98% telja samstarf ganga vel eða mjög vel
- 97% um finnst starfsandi góður eða mjög góður.
- Líðan starfsmanna er að lang mestu leyti góð. 48,9% telja hana góða og 46,7% mjög góða.

Tækifæri til umbóta

Niðurstöður könnunar meðal starfsmanna sem send er út í aðdraganda starfspróunarviðtala sýna að:

- 31,1 % starfsmanna finnst álag í starfi hafa aukist.
- Rétt rúmlega 4% segja líðan sína ekki nægilega góða í starfi

Viðhorf foreldra

Stuttur texti um foreldrakönnunina og hvaða þættir voru metnir

Viðhorfsskönnun foreldra er aðeins lögð fyrir annað hvert ár og því ekki metin á þessu skólaári 2024-2025.

Niðurstöður

Styrkleikar

Tækifæri til umbóta

Menntastefna og stefna skólans

Stuttur texti um hvaða þættir voru metnir

Skólinn hefur innleitt á undanförunum árum hugmyndafræði um Uppeldi til ábyrgðar sem miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfsstjórn nemenda, þjálfa þau í að ræða um tilfinningar sínar og átta sig á þörfum sínum.

- Á hverju ári setur skólinn sér starfsáætlun um ákveðna þætti stefnunnar sem vinna á með nemendum eins og bekkjarsáttmálavinnu að hausti, vinnu með þarfahringinn ásamt mínu og þínu hlutverki og fleiru.
- Kannað er hjá nemendum á bekkjarfundum hvort þeir hafi tileinkað sér eitthvað af þessum þáttum Uppeldis til ábyrgðar. Eru nemendur að sjá í verki og upplifa að bekkjarsáttmálavinnan hafi skilað sér í betri samskiptum innan hópsins og betri líðan almennt. Eru nemendur að tileinka sér atriði bekkjarsáttmálans í samskiptum innan hópsins sem og við kennara sína, þá þætti sem hópurinn kom sér saman um í bekkjarsáttmálanum? Hvernig hóp vil ég vera hluti af og leggja mitt að mörkum svo það geti orðið? Hvernig vil ég koma fram við kennarann minn og aðra nemendur í hópnum. Hvernig manneskja og nemandi við ég vera?
- Áhersla er á leiðsagnarnám í skólanum með áherslu á vaxandi hugarfar. Tilgangurinn er að valdefla nemendur svo þeir verði færir um að taka ábyrgð á eigin námi. Leiðsagnarnám byggir á fimm stöðum sem saman leiða að jákvæðri námsmenningu þar sem mistök eru nýtt til framfara, markmið og viðmið að settu marki eru skýr og skipulag byggir á samæðum þar sem nemendur fá tækifæri til þess að tjá sig um námsefnið. Saman gegna þessar aðferðir því hlutverki að valdefla nemendur og gera þá virkari og ábyrgari í eigin námi.
- Ingunnarskóli hefur sett sér stefnu varðandi læsi, læsisstefnu skólans. Henni er ætlað að setja viðmið í lestri í einstökum árgöngum sem og leiðir að settu marki.
- Skapandi nám og tækni hefur verið að aukast talsvert undanfarin ár ekki síst með tilkomu þróunarverkefnis Austur/Vestur sem er samstarfsverkefni þriggja skóla. Um er að ræða innleiðingu tæknivinnu og skapandi náms í skólanum með ýmsum leiðum eins og Red box vinnu og fleira.

Niðurstöður

Styrkleikar

- Vaxandi áhugi er fyrir að innleiða og læra að nota tækni og sköpun í kennslu.
- Bekkjarfundir eru komnir á dagskrá hjá öllum árgöngum.

Tækifæri til umbóta

- Nýtt verklag varðandi heimalestur og viðbrögð við honum hefur ekki verið að skila þeim árangri sem við vonuðumst eftir. Mögulega er verklagið of þungt í vöfum. Þarf að taka það til endurskoðunar.
- Móta þarf verkáætlun er varðar fjölgun nemenda með erlendan bakgrunn, málstefnu, móttöku og skilgreina kennslustunda magn Ísat kennslu

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun skólans

Umbótaáætlun skólans er unnin út frá því mati sem fór fram á skólaárinu auk þeirra kannana sem lagðar voru fyrir. Áætlunin gildir fyrir næsta skólaár og miðar að því að bæta úr því sem í ljós kom að betur mætti fara. Skólastjóri er ábyrgur fyrir að framfylgja umbótaáætlun en hann úthlutar verkefnum hennar á aðra starfsmenn eftir þeirrar þekkingar sem hvert verkefni kallar á. Lögð er áhersla á að hafa umbótaverkefni frekar fleiri en færri og skilgreina þau þar með betur. Það auðveldar yfirsýn og mat á því hvort umbætur skila sér í betra skólastarfi.

Svið - Nám og kennsla

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Framúrskarandi skólabragur Deild Skólinn Ábyrgð Guðlaug Erla Gunnarsdóttir	Innleiða skýrari lífsleikni markmið í hvern árgang í samræmi við stefnu skólans.	Gera tímasetta námsáætlun, taka mið af uppbyggingu sjálfsaga kennsluáætlun sem til er fyrir alla árganga. Finna til námsefni sem á við hæfnipætti hvers árgangs. Tímasetja lífsleikni í töflu hvers árgangs. Ákveða hver ber ábyrgð á þeirri kennslu og hvernig henni skuli vera háttað. Fá fulltrúa félagsmiðstöðvar í samstarf varðandi félagsfærni á mið- og unglingastigi.	30/05/2026	Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, Guðmunda Gunnlaugsdóttir, Guðrún Þóra Bjarnadóttir, Linda Hrönn Steinþórsdóttir, Ragna Sigrún Ómarsdóttir	Í vinnslu	Efni og áherslupættir fyrir hvern árgang valið og sett upp í kennsluáætlun Lífsleikni er í stundatöflu hjá hverjum árgangi Ábyrgð kennslunnar skýr Lykilhæfni verður metinn á markvissan hátt í öllum árgöngum.	Nemendur fá þjálfun í færni er snýr að samskiptum og tilfinningaleysi í samræmi við stefnu skólans í uppbyggingu sjálfsaga. Helsti ávinningurinn er betra tilfinningaleysi, sterk sjálfsmynd og góð færni í samskiptum. Lykilhæfni verður metinn á markvissan hátt í öllum árgöngum. Að fá fulltrúa félagsmiðstöðvar til samstarfs um aukna félagsfærni og betri liðan nemenda.
	Fá röklegt samhengi í það sem kennt er í lífsleikni í hverjum árgangi	Kennarar hafa nú allir verið beðnir að setja inn áætlanir í lífsleikni fyrir sinn árgang, hvaða áherslupættir eru og hvaða efni er verið að nota. Nú þarf að fara yfir þær áætlanir og meta hvort einhversstaðar þarf að skipta um efni eða bæta við. Er verið að fara í alla þá þætti sem við viljum leggja áherslu á.	01/07/2026	Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, Guðmunda Gunnlaugsdóttir, Linda Hrönn Steinþórsdóttir, Ragna Sigrún Ómarsdóttir	Ekki byrjað	Í samræðu milli stjórnenda um þau gildi og þá áherslupætti sem liggja undir í lífsleiknikennslu.	
Lestur Deild Skólinn Ábyrgð Linda Hrönn Steinþórsdóttir	Heimalestur	Að endurskoða áætlun um eftirfylgd með heimalestri. Að allir í því ferli þekkja sitt hlutverk og fylgi því eftir.	01/01/2026	Linda Hrönn Steinþórsdóttir	Ekki byrjað		

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Næði til náms Deild Skólinn Ábyrgð Innra mat skóla	Að allir nemendur upplifi að þeir hafi næði til að læra í kennslustundum	Ræða á kennarafundi í upphafi skólaárs. Rífa upp verkfæri og leiðir til að auka námsfnið, bekkjarstjórnun og námsfélaga,	01/01/2026	Guðmunda Gunnlaugsdóttir	Ekki byrjað		
	Allir kennarar ljúki grunnnámskeiði um uppbyggingarstefnu	Þeir sem ekki hafa farið á slíkt námskeið fari í ágúst. Að í vetur verði upprifjun á þeim hluta er snýr að agastjórnun tekinn upp á kennarafundi eða með hverju stigi.	01/01/2026	Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, Guðmunda Gunnlaugsdóttir, Linda Hrönn Steinþórsdóttir	Ekki byrjað		
	Efla kennara í bekkjarstjórnun og meðvitund um næði til náms	Fara yfir niðurstöður á kennarafundi að hausti, niðurstöður úr ísl. æskulýðsrannsókn. Minna á og ræða á stigsfundum reglulega	01/01/2026	Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, Guðrún Þóra Bjarnadóttir, Linda Hrönn Steinþórsdóttir, Ragna Sigrún Ómarsdóttir	Ekki byrjað	Niðurstöður íslensku æskulýðsrannsóknar á næsta skólaári til samaburðar í samtali við nemendur	
Nám og kennsla við hæfi Deild Skólinn Ábyrgð Linda Hrönn Steinþórsdóttir	Bráðgerir nemendur	Að til sé áætlun um hvernig bráðgerum nemendum sé mætt á öllum skólastigum.	15/06/2027	Linda Hrönn Steinþórsdóttir	Ekki byrjað		

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Nemendur með erlendan bakgrunn Deild Skólinn Ábyrgð Guðlaug Erla Gunnarsdóttir	Ísat kennsla	Að hafa skilgreindan tímafjölda í ísat kennslu út frá viðmiðum MML.	01/08/2026	Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, Guðmunda Gunnlaugsdóttir, Linda Hrönn Steinþórsdóttir	Ekki byrjað		

Umbótaþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Tími	Ábyrgð	Staða	Hvernig metið	Viðmið um árangur
	Móttaka og skipulag í kringum nemendur með erlendan bakgrunn	Að búa til verkferil í kringum móttöku nemenda með erlendan bakgrunn	01/08/2026	Guðlaug Erla Gunnarsdóttir, Guðmunda Gunnlaugsdóttir, Linda Hrönn Steinþórsdóttir, Regína Sigrún Ómarsdóttir	Ekki byrjað	Lokið/ólókið	Að til sé skráður verkferill og móttöku áætlun sem birt er á heimasíðu